

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

42. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn miðvikudaginn 27. mars 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir af hálfu KÍ, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Vegna túlkunar á kjarasamningi - 1503055SA

Málið rætt.

2. Ósk kennara um að afsala sér kennsluafslætti þrátt fyrir að lokað hafi verið fyrir afsal frá og með 31. desember 2014. – 1503032SA

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að opna að nýju fyrir afsal kennsluafsláttar og verður framkvæmd þess með eftirfarandi hætti:

Frá 31. mars 2015 til 20. apríl 2015 geta kennarar, sem eru í starfi í marsmánuði 2015, valið að afsala sér þeim réttindum sem felast í grein 2.5.2.1 um lækkun hámarkskennslu í dagvinnu vegna starfs- og lífaldurs og taki þá laun skv. launatöflu A í kjarasamningi FG og SNS sem undirritaður var 20. maí 2014.

Breytingin, bæði hvað varðar launaröðun og kennsluskyldu tekur gildi frá og með 1. ágúst 2015. Afsalið skal fara fram á þar til gerðu eyðublaði.

Aðilar eru sammála um að upplýsingagjöf vegna málsins til skólastjórnenda og kennara sé mikilvæg og munu báðir aðilar standa fyrir upplýsingagjöf til fyrrgreindra aðila.

3. Raðast kennari í 49% starfshlutfalli í starfsheitið verkefnisstjóri 1 eða verkefnisstjóri 2. – 1503033SA

Erindi barst samstarfsnefnd þar sem spurst er fyrir um hvort kennari sem er í 49% starfshlutfalli eigi ekki að raðast sem verkefnisstjóri 2 ef hann sinnir eingöngu verkefnisstjórn í öllu starfshlutfallinu.

Niðurstaða:

Málið rætt – Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Greiðsla álags í teyrum samkvæmt grein 1.3.6 vegna viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu. – 1503034SA

Erindi barst samstarfsnefnd þar sem spurt er hvort heimilt er við þær aðstæður þar sem kennari/ar í teymi forfallast að skipta 0,5 álagi milli þeirra sem leysa forföllin og bæta við sig nemendum samkvæmt grein 1.3.6.

Niðurstaða:

Málið rætt.

5. Útgáfa á heildstæðum kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Niðurstaða:

Aðilar eru að vinna við að yfirfara samninginn og eru sammála um hann verði birtur í heildstæðri útgáfu frá og með 20. apríl 2015.

Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti fundur er fyrirhugaður 8. apríl 2015

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00